



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 3. október 2023 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Þormóður Skorri Steingrímsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

1. Gjaldskrárbreytingar

Gerð er tillaga um eftirfarandi gjaldskrárbreytingar á reiðhallarlyklum.

- Lykill 1 – 65.000 krónur
- Lykill 2 – 20.000 krónur óbreytt
- Unglingar og ungmenni – 50% af árgjaldi
- 67 ára og eldri – 50% af árgjaldi
- Börn 13 ára og yngri – Lyklagjald 6.000 krónur

Útleiga:

Tímagjald fyrir félagsmenn vegna reiðkennslu

1/3 höllin – 4.500 krónur

½ höllin – 10.000 krónur

1/1 höllin – 21.000 krónur

Samþykkt samhljóða.

2. Nýtt nafn á reiðhöllinni

Búið er að semja við Lýsi um að kaupa nafn reiðhallarinnar fyrir árin 2024 og 2025. Höllin verður merkt Lýsi og mun í fréttatilkynningum tengdum höllinni nefnast Lýsishöllin í Víðidal.

3. Meistaradeild Æskunnar

Samkvæmt uppgjöri er Meistaradeild Æskunnar rekið með tapi 2023. Gjaldkera er falið að stofna reikning fyrir MDÆ 2024 sem allar tekjur og gjöld fara á.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir rekstraráætlun frá forsvarsmönnum deildarinnar fyrir árið 2024.

4. Framkvæmdir á félagssvæði

Framkvæmdir eru hafnar á keppnis- og upphitunarmannvirkjum í Víðidal vegna Landsmóts.

- Skipt verður um yfirlag á Hvammsvelli og upphitunarhring.
- Efnið sem kemur af Hvammsvelli verður að hluta sett sem yfirlag á Brekkuvöll.
- Skeiðbraut verður lagfærð
- Upphitunaraðstaða lagfærð.



5. Breytingar á landnotkun í Víðidal

Kynntar eru hugmyndir um breytingar á landnotkun við kerrustæði félagsins. Reykjavíkurborg hefur óskað eftir viðræðum um slíkar hugmyndir og hafa formaður og framkvæmdastjóri sótt tvo fundi vegna þess. Þessar hugmyndir eru kynntar fyrir stjórn. Umræður um forsendur og rekstrarfyrirkomulag svæðisins.

6. Æskulýðs- og fræðslunefnd

Stjórn mun óska eftir upplýsingum frá æskulýðsnefnd varðandi starfið í vetur. Rætt er um skipulag reiðkennslu innan félagsins og fyrirkomulag annarra félaga á höfuðborgarsvæðinu. Rætt er um að ráða reiðkennara til að sjá um fræðslustarf vetrarins.

Stjórn samþykkir að auglýsa eftir reiðkennara til að sjá um fræðslustarf félagsins. Framkvæmdastjóra er falið að útbúa drög að auglýsingu og kynna fyrir stjórnarmeðlimum áður en auglýst verður á heimasíðu félagsins.

7. Styrkur frá Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Formaður og framkvæmdastjóri óskuðu eftir styrk til Mennta- og barnamálaráðuneytisins og fengu úthlutað 300.000 krónum í barna- og unglíngastarf félagsins.

8. Landsmót 2024

Formaður og framkvæmdastjóri kynna stjórn stöðu verkefna fyrir Landsmót 2024.

Fundi slitið 18:41

Fundargerð ritaði Einar Gíslason